



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Fundarherbergi BÍKR - 19. maí 2015 kl. 17:30

Mætt:

Ragnar Róbertsson (RR), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Þórður Bragason (ÞB), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Gunnar Bjarnason (GB), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMB), Guðbergur Reynisson (GR)

Fjarverandi:

Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Brynjar Gauti Schiöth (BGS), Einar Gunnlaugsson (EG), Ari Jóhannsson (AJ)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Skráning/merking fjölmiðlafólks á keppnissvæðum

Samþykkt var gera tillögu að skráningarformi fyrir keppnishaldara til að skrá fjölmiðlafólk sem vill komast inn á bannsvæði.

Þá var og samþykkt að skoða kostnað við gerð sérstakra vesta fyrir fjölmiðlafólk og reglur um úthlutun þeirra.

2. Aðgengi þeirra sem hafa fengið samþykki AKÍS að keppnum

AKÍS samþykkir að beina því til keppnishaldara að þeir aðilar sem hafa fengið sérstakt leyfi til myndatöku á keppnum frá AKÍS, verði leyft að koma inná keppnissvæðin án endurgjalds.

3. Reglur um frumskoðun nýrra keppnistækja

Fyrsta uppkast lagt fram og samþykkt að leggja endanlegan texta fyrir næsta raunfund, sem verður á Akureyri 15. júní 2015.

Samþykkt að setja drögin á vef AKÍS og óska eftir athugasemdum.

4. Skráningarskírteini keppnistækja

Samþykkt var halda áfram að vinna að skráningarskírteini og leggja fyrir stjórnarfund í næsta mánuði.

5. Tryggingar óskráðra tækja og keppnissvæða

AKÍS fagnar því að tryggingarfélagin skuli bjóða upp á frjálsa ábyrgðartryggingu fyrir tæki sem ekki eru skráð hjá Samgöngustofu. Þá er það einnig fagnaðarefni að tryggingarfélagin séu til umræðu um að tryggja frjálsri ábyrgðartryggingu öll slík keppnistæki sem hluta af tryggingu viðkomandi akstursíþróttafélags til allra sinna félaga og á athafnasvæði akstursíþróttafélagsins.

6. Fulltrúar á ársþing

Tillaga að bréfi til Laganefndar ÍSÍ þar sem óskað er álits þeirra á túlkun sjöttu greinar laga AKÍS vegna breytinga á sölu keppnisskírteina.



7. Talstöðvar AKÍ

Ákveðið að skoða samninga og eignarhald á stöðvunum áður en ákvörðun er tekin.

8. Stjórnarfundur á Akureyri

GB, HKS og ÞB samdægurs, óljóst með RR. Óvíst með aðra

9. Lögsaga yfir keppnishaldi á fjórhjólum

Svo virðist sem að sameiginleg túlkun Evrópu á fjórhjólum sé þannig að ef tækið hefur stýrishjól þá tilheyrir það FIA hluta akstursíþróttar, en ef tækið er með mótarhjólástýri þá tilheyrir það FIM.

10. Skráning í keppnir / vefform

ÞB lýsti tillögu sinni sem rædd var. TMB, ÞB og ÞA hittast og fara yfir leiðir.

11. Goodwood - frekari upplýsingar

Guðbjörn Grímsson mun ekki fara með bifreiðina en mun hitta forsvarsmenn þar til að ræða næsta ár.

12. Önnur mál

Fundi slitið kl.18:55.